



FUNDARGERÐ
14. fundur Húsakynna bs
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , 6. apríl 2021
og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Steindór Tómasson, Brynja Jóna Jónasdóttir, Ágúst Sigurðsson, Tómas Haukur Tómasson og Klara Viðarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2020 - Húsakynni bs - 2104001

Til samþykktar

Ársreikningur Húsakynna bs fyrir árið 2020 var lagður fram og samþykktur samhljóða.

2. Rekstraryfirlit 2021 - Húsakynni bs - 2104002

Yfirlit um rekstur byggðasamlagsins frá áramótum

KV lagði fram til kynningar rekstraryfirlit Húsakynna bs fyrir janúar-mars.

3. Framkvæmdaáætlun 2021 - 2104003

Farið yfir stöðu verkefna

THT fór yfir þær framkvæmdir sem liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við bílaplan á vordögum, í samræmi við áætlun, en þar er eftir hluti af hellulögn og frágangur á ljósastaurum og jöðrum. Áfram þarf síðan að halda í viðhaldi bygginganna, stilla upp í áfanga og hrinda í framkvæmd. Lögð fram ósk frá Heflun ehf um að fá yfirlit um kostnað við bílaplanið. THT falið að taka saman svar við fyrirspurninni í samræmi við upplýsingar sem fram komu á fundinum og senda Heflun ehf.

Fundargerðin yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

Björk Grétarsdóttir

Björk Grétarsdóttir

Steindór Tómasson

Steindór Tómasson

Brynja Jóna Jónasdóttir

Brynja Jóna Jónasdóttir

Ágúst Sigurðsson

Ágúst Sigurðsson

Tómas Tómasson

Tómas Haukur Tómasson

Klara Viðarsdóttir